



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. september 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um höfundalög (eintakagerð til einkanota), 870. mál

Félag rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK) eru samtök helstu sjónvarpsstöðva og kvikmyndahúsaiðnaðarins hér á landi. Félagsmenn samtakana eru með um 1.000 starfsmenn á sínum snærum og velta tæpum 17 milljarða króna á ársgrundvelli og þá er eingöngu horft til dreifingu á myndefni og tengdri starfsemi. Hagsmunir þessara aðila af höfundaréttarlögum eru því verulegir og því hafa breytingar á þeim lögum mikil áhrif á aðildarfélög samtakanna. Í ljósi þessa vilja samtökin koma á framfæri við Allsherjar- og menntamálanefnd eftirfarandi ábendingum.

Við lýsum yfir ánægju með að loks sé á Alþingi lagt fram frumvarp sem hafi það að meginmarkmiði að greiða rétthöfum innan IHM sanngjarnar bætur vegna eintakagerðar til einkanota. FRÍSK hefur einungis aukaaðild að IHM og félagsmenn FRÍSK fá því ekki greiðslur úr sjóðnum en félagið fagnar engu að síður því að höfundar skulu tryggð greiðsla með breyttu neyslumynsturs höfundaréttarvarins efni í núverandi frumvarpi.

Þá er að finna í frumvarpinu eftirfarandi málsgrein: “Heimild til gerðar stafræns eintaks er þó bundin við einstakling sem hefur lögmæt umráð eða aðgang að upprunaeintaki sem er dreift eða gert aðgengilegt með heimild rétthafa þess.”

FRÍSK telur nauðsynlegt að skerpa á þessu þar sem hér á landi og víða í Evrópu hefur verið tekist á um hvort eintakagerð til einkanota geti verið lögleg þegar upprunalegt eintak er fengið án heimildar rétthafa. Með ofangreindum málslið er tekinn af allur vafi í þessu máli sem er í samræmi við sjónarmið rétthafa.

Virðingarfyllt,

F.h. FRÍSK

Hallgrímur Kristinsson,
Stjórnarformaður



BIÓ★PARADÍS